

**„Snemma beygist krókurinn“
Úr stöðluðum kynjahlutverkum
í kynjajafnrétti**

Heilsuleikskólinn Krókur

Verkefnastjóri Svandís Anna Sigurðardóttir

„Snemma beygist krókurinn“
Úr stöðluðum kynjahlutverkum í kynjajafnrétti á Heilsuleikskólanum Króki
Verkefni styrkt af Sprotasjóði

Heilsuleikskólinn Krókur
„Snemma beygist krókurinn“ Úr stöðluðum kynjahlutverkum í kynjajafnrétti.
Verkefnisstjóri og skýrsluhöfundur: Svandís Anna Sigurðardóttir
Númer verkefnis: UMS-047
Verkefnið hlaut styrk úr Sprotasjóði 2013-2014.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	4
Markmið verkefnis samkvæmt umsókn.....	4
Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði.....	5
Fræðsla.....	5
Verkefni.....	5
Jafnréttisteymi.....	5
Kannanir.....	5
Frávik miðað við áætlun verkefnisins.....	7
Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins.....	8
Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu.....	8
Mat á verkefninu samkvæmt umsókn: hefur verkefnið eða mun það hafa áhrif á skólastarfið í heild?.....	8
Niðurstöður verkefnisins: yfirlit yfir það sem kom fram við framkvæmd verkefnisins, náðust markmiðin? Hvað er til marks um það? Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?.....	9
Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum.....	9

„Snemma beygist krókurinn“

Úr stöðluðum kynjahlutverkum í kynjajafnrétti á Heilsuleikskólanum Króki
Verkefni styrkt af Sprotasjóði

Inngangur

Árið 2013-2014 hlaut Heilsuleikskólinn Krókur styrk úr Sprotasjóði fyrir verkefninu „Snemma beygist krókurinn“ Úr stöðluðum kynjahlutverkum í kynjajafnrétti. Verkefnastjóri var Svandís Anna Sigurðardóttir, sem vann náíð með Huldu Jóhannsdóttur, leikskólastjóra. Í þessari lokaskýrslu koma fram helstu upplýsingar um upprunaleg markmið verkefnisins, leiðir sem valdar voru til að ná þeim, frávik frá þeim og hindranir sem komu upp ásamt helstu ávinningum. Áhrif verkefnisins á skólafarfið munu vera skoðuð og að lokum niðurstöður verkefnisins ræddar, þ.e. hvernig það tókst til, hvort markmið hafi náðst ásamt því hvernig áætlað er að kynna það.

Hópurinn á Króki sem tók þátt í verkefninu samanstóð af stjórnendum (skólafarfi, aðstoðarskólafarfi og deildarstjórn), leikskólakennurum, leiðbeinendum, stuðningsfulltrúum og starfsfólki eldhúss. Í heildina voru 24 í hópnun, allt konur. Aldursdreifing hópsins var breið, sú yngsta á þrítugsaldri en sú elsta á sjötugsaldri. Heilt yfir má segja að verkefnið hafi tekist vel til, þó svo að upprunaleg markmið og verkefni breyttust í takti við úthlutun úr Sprotasjóði. Styrkurinn nýttist vel og var gott og áhrifaríkt starf unnið yfir veturinn. Mikil vitundarvakning hefur átt sér stað meðal starfsfólks og er jafnréttisframtíðin björt í Heilsuleikskólanum Króki.

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Í umsókninni sem send var á Sprotasjóð vegna framangreinds verkefnis kom fram að: Unnið verður að því að samþætta jafnréttissjónarmiðum við alla starfsemi leikskólans ásamt sértækum aðgerðum um kynjajafnrétti, en það hefur sýnt sig að þetta tvennt, ásamt öflugri fræðslu starfsfólks og barna er nauðsynlegt til þess að árangur náist. Markmiðið er því að gera starfsfólk leikskólans betur í stakk búið til að greina kynjamismun í orðræðu, námsaðferðum og -umhverfi leikskólans með öflugri fræðslu um stöðu kynjanna og hugmyndafræði um kyn, kyngervi og kynvitund. Að starfsfólki gefist tækifæri til að endurskoða viðteknar venjur og staðalmyndir kynjanna, setja upp kynjagleraugun og samþætta kynjasjónarmið í náms- og starfsumhverfi skólans. Með breyttum hugsanahætti og öflugri fræðslu starfsfólks er einnig markmiðið að afbyggja staðlaðar hugmyndir barnanna um kynin, opna fyrir þeim fleiri möguleika sem kynjahlutverk eiga það til að útiloka og um leið jafna stöðu stelpna og stráka. Sú leikni sem börn öðlast í markvissri jafnréttiskennslu mun undirbúa þau fyrir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Hér verða reifaðar fjórar megin leiðir sem valdar voru til að vinna að settum markmiðum: fræðsla starfsfólks, verkefnavinna í starfi, stofnun jafnréttisteymis og kannanir sem mátu viðhorf og þekkingu fólks á jafnréttismálum. Umsjón með fræðslu, verkefnavinnu og könnunum hafði Svandís Anna Sigurðardóttir, kynjafræðingur og jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands. Stofnun jafnréttisteymis var í höndum stjórnenda Króks.

Fræðsla

Fyrsti fræðslufundur sem haldinn var með starfsfólki Króks var í september 2013, en sá síðasti í apríl 2014. Haldnir voru fimm fræðslufundir yfir veturinn, sem tóku á sex megin þemum: inngangur að kynjafræði, réttindabarátta kvenna, ímyndir og auglýsingar, karlmennska, orðræður og kynjasamþætting, forréttindafræðsla og margbreytileiki. Á fræðslufundum var farið yfir mikið efni, sem dæmi voru lesnar greinar (fræðilegar- og umræðugreinar), horft á myndbönd, skoðaðar birtingamyndir kynjanna í auglýsingum og útlitskröfur sem gerðar eru, þá sérstaklega til kvenna, skoðað var hvernig talað er við stelpur og stráka, ríkjandi hugmyndir um kynin, leik barna, forréttindi ákveðinna hópa, stöðu minnihlutahópa og margt fleira.

Verkefni

Verkefni starfsfólks voru unnin bæði á fræðslufundum og í starfi með börnunum. Verkefnin voru **ljósmyndaverkefni**: starfsfólk gerði úttekt á leik barnanna eftir kyni tvisvar á dag í eina viku, en það gaf góða mynd af mögulegri kynjaskiptingu á meðal barnanna og var nytsamlegt til að rýna í starfið; **orðræðuverkefni**: starfsfólk var beðið um að huga að eigin orðanotkun og sem dæmi tala um *sterkar stelpur* og *duglega stráka* ásamt því að t.d. ræða um karlmenn og feður í uppeldis- og heimilisstörfum; **söguverkefni**: starfsfólk var beðið um að breyta kynjahlutverkum í barnasögum þannig að t.d. kvenkyns sögupersónur væru í hlutverki hetjunnar og karlkyns persónum væri bjargað eða þeir í styðjandi hlutverki; **lokaverkefni**: starfsfólk var beðið um að nýta fræðsluna til að skapa verkefni í sínu starfi sem myndi mögulega trufla og breyta kynjahlutverkum með það í huga að styrkja stráka og stelpur á þeim sviðum sem þörf er á (t.d. efla samkennd og umhyggju hjá strákum og ákveðni og samkeppni hjá stelpum). Lokaverkefnin voru margvísleg, m.a. var brúðuleiksyning byggð á sögu með breyttum kynjahlutverkum, fótbolli fyrir stelpur, dúkkukrókur fyrir stráka og margt fleira.

Jafnréttisteymi

Jafnréttisteymi Heilsuleikskólans Króks var stofnað veturinn 2013-2014 og er skipað af fjórum starfsmönnum. Hlutverk þess er að fylgjast með og stuðla að jafnréttisstarfi innan skólans. Teymið stefnir að því að koma á öflugri aðgerðamiðaðri jafnréttisáætlun fyrir skólann fyrir árslok.

Kannanir

Í byrjun og lok verkefnisins (fyrir fyrsta fræðslufund og eftir þann síðasta) var könnun lögð fyrir starfsfólk Heilsuleikskólans Króks með það að markmiði að meta viðhorf og þekkingu starfsfólks á jafnréttismálum sem og starfið í leikskólanum, en í síðari könnuninni var sérstaklega athugað hvort þekking og viðhorf hefðu með einhverju

móti breyst. Fyrri könnuninni svöruðu 21 starfsmaður, en 19 svöruðu síðari. Þórdís Þórðardóttir (2012) ræðir niðurstöður rannsóknar sinnar í greininni „Að læra til telpu og drengs. Kynjaðir lærdómar í leikskóla“, þar sem fram kemur að leikskólakennarar hafi einstaklingsmiðaða sýn á jafnrétti og telja sig vinna að því án þess þó að skilja fyllilega út á hvað það gengur og þrátt fyrir að, í sumum tilfellum, viðhalda eðlishyggju hugmyndum og staðalmyndum um kynin. Því mátti búast við því að flestir kváðust huga að jafnrétti í fyrri könnuninni án þess þó að þeir gerðu sér endilega fulla grein fyrir því hvað það fæli í sér, sbr. niðurstöður Þórdísar. Það var því sérstaklega áhugavert að skoða niðurstöður og hugmyndir sem komu fram í síðari könnunni til að sjá hvort greina mætti mun á þeim spurningum sem voru lagðar fyrir í báðum könnunum, ásamt því að skoða hugmyndir starfsfólks um jafnrétti í kjölfar fræðslunnar sem það hafði fengið.

Í fyrri könnuninni var áhugavert að skoða svör starfsfólks þegar spurt var um vinsælustu leikföng stráka og stelpna. Hjá strákum var margt nefnt en oftast voru nefndir kubbar (þ.m.t. legó, eininga- og holukubbar) og bílar. Einnig voru oft nefndir boltar (þ.m.t. fótbolli). Ein athugasemd vakti athygli en hún sýnir að börnin fylgja frekar „kynjuðum“ hugmyndum í dótavali eftir því sem þau eldast; „*Hjá flestum eru það bílar, tölva og kubbar en oftast á yngri deildum sér maður þá leika með allt saman óháð kyni.*“ Hjá stelpum var ýmislegt nefnt, en oftast voru dúkkur og dúkkuleikir nefndir en þar á eftir föndur (lita, teikna, mála, perla). Einnig voru hlutverkaleikir oft nefndir sem ein útskýrði í eftirfarandi svari: „*Hlutverkaleiki (heimilisleik, búðarleik, hárgreiðsluleik o.fl.), dúkkuleik, púsl, bækur, dúkkulego.*“ Áhugavert er að aldrei var nefndur fótbolli né bílar hjá stelpunum, sömuleiðis voru dúkkur aldrei nefndar hjá strákunum. Yfirleitt var talað um svipaða hegðun stelpna og stráka þegar spurt var um eftirfylgni reglna og fyrirmæla og virkni barnanna í samræðum og svörum.

Þegar spurt var hvort viðkomandi starfsmaður hefði farið á námskeið eða fyrirlestur sem tengdist jafnrétti voru fimm sem svöruðu játandi. Aðeins ein þeirra nefndi fyrirlestur sem hún hafði farið á, önnur sagði það hafa verið hluti af sínu námi og þrjár nefndu fyrirlestra í Háskólanum á Akureyri sem þær höfðu hlustað á, en ein þeirra sagði leikskólastjóra Króks hafa sent starfsfólkinu tengla á þá fyrirlestra. Þegar spurt var hvort viðkomandi hafði jafnrétti kynjanna í huga í sínu starfi svöruðu 12 játandi, 6 stundum og sögðust þrjár ekki vita. Svörin sýndu hvernig sumar virtust huga nokkuð meðvitað að jafnrétti kynjanna: „*Reyni að hafa bak við eyrað t.d. þegar verið er að ræða um hlutverk heima fyrir og í vinnu að setja bæði kynin í umræðuna. Maður er meðvitaður um ýmiskonar staðalmyndir í bókum sem maður les fyrir börnin, ef þau eru nógu gömul er gaman að taka umræðu við þau út frá því. Maður verður bara alltaf að vera að passa sjálfan sig líka, hvernig maður talar og hvernig maður gerir hlutina, maður er sjálfur fullur af staðalmyndum.*“, en aðrar töluðu mjög almennt um jafnrétti: „*Að allir eigi sama rétt.*“, sem rímar nokkuð við þá einstaklingsmiðaða og óljósa sýn sem var nefnd hér að ofan í tengslum við rannsókn Þórdísar Þórðardóttur.

Áhugavert er að bera saman svörin við þeim spurningum sem voru spurðar í báðum könnunum. Til dæmis nefndu fleiri að strákar færu síður eftir fyrirmælum í síðari könnuninni en í þeirri fyrri. Allar sögðu bæði stelpur og strákar fá jafna athygli í síðari könnuninni, en í þeirri fyrri sagði ein að strákar fengu frekari athygli. Þrjár sögðu kynin ekki jafn virk í samræðum og svörum í síðari könnuninni, en aðeins ein í þeirri fyrri. Hins vegar var misjafnt hvort talið var að stelpur eða strákar væru virkari. Þegar spurt var hvort viðkomandi hafði jafnrétti kynjanna í huga í sínu starfi er

áhugavert að engin svaraði neitandi í fyrri könnuninni, en tvær svöruðu neitandi í þeirri síðari, nokkuð sem hlýtur að teljast sérkennilegt þar sem í millitíðinni höfðu allar hlotið jafnréttisfræðslu. Enga skýringu á því var að finna í athugasemdum við spurninguna. Við sömu spurning voru hins vegar fleiri sem sögðust huga að jafnrétti kynjanna í sínu starfi í seinni könnuninni og fækkaði þar með þeim sem svöruðu stundum eða veit ekki. Þegar spurt var hvort það væri mikilvægt fyrir starfið að fá jafnréttisfræðslu voru hlutfallslega fleiri sem svöruðu mjög mikilvægt og færri sem sögðu frekar mikilvægt í síðari könnuninni, en rétt eins og í þeirri fyrri var ein sem svaraði ekki mikilvægt og ein sem sagðist ekki vita.

Í síðari könnuninni var spurt um jafnréttisfræðsluna sem starfsfólk hafði hlotið, þá bæði hvað þótti gott og hvað hefði mátt bæta eða breyta, en einnig um áhrifin sem fræðslan hafði. Almennt var starfsfólk ánægt og jákvætt varðandi fræðsluna. Stór meirihluti sagði fræðsluna hafa haft áhrif á sig sem leikskólakennara/-starfsmann: „*Er meðvitaðri um hvernig ég kem fram við krakkana, hvernig ég tala við þau og auk þess er ég farin að ögra stöðluðum ímyndunum*“, og enn fleiri sögðu fræðsluna nýtast sér í starfi: „*Ég tek betur eftir mismunun sem á sér stað og ég er opnari fyrir möguleikum til að ræða, taka þátt og vinna með jafnrétti.*“ Meirihluti svarenda sögðu fræðsluna hafa persónuleg áhrif, þó voru einhverjir sem svöruðu neitandi, kannski eða vissu ekki: „*Fræðslan hefur haft þau áhrif á hvernig ég tala og kem fram við mín eigin börn og eiginmann.*“ Flestar töldu verkefnið sem voru lögð fyrir þær hafa gagnast sér, en örfáar sögðust ekki vita eða kannski: „*Opnar augu manns fyrir því hvernig leikefni og t.d. bækur, dúkkur o.fl. henta vel til að valda kynusla.*“ Allar nema ein töldu kynja- og jafnréttisfræðslu eiga erindi við leikskólastarfið: „*Vegna þess að það þarf að byrja snemma og halda okkur við efnið þannig að ekki fari í sama far og áður í jafnréttisbaráttunni og jafnframt svo að við náum lengra.*“ Flestar töldu fræðsluna eiga eftir að hafa áhrif á starf þeirra í framtíðinni, en fáar sögðust ekki vita eða kannski: „*Já alveg pottþétt, hvernig ég mun úthugsa verkefni sem ég er að fara vinna með börnunum og fleira tengdu því. Svo er ég viss um að áhrifin eigi eftir að aukast eftir því sem líður á*“, „*Ég mun nýta mér í starfi í framtíðinni allt sem ég hef lært af námskeiðinu og talið upp (get bætt mig í að valda kynusla, vanda betur hvernig ég tala o.fl).*“

Heilt yfir var starfsfólk ánægt með fræðsluna og taldi hana hafa jákvæð áhrif, eiga við leikskólastarfið og að fræðslan myndi hafa áhrif á þeirra starf í framtíðinni. Svörin báru þess merki að margar höfðu tileinkað sér nýjan hugsanahátt, eða jafnvel bætt við þekkingu sem þegar var til staðar. Greinilegar var að margar töldu jafnrétti vera mikilvægt í þeirra starfi.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Styrkurinn sem Sprotasjóður veitti var lægri en umsóknin gerði ráð fyrir og urði því óhjákvæmilega breytingar á verkefninu. Hætt var við að stofna sérstakan hóp á veraldarvefnum þar sem kynjaumræður úr daglegu lífi yrðu skoðaðar, þó bættust slíkar umræður í hefðbundinn umræðuhóp starfsfólks sem þegar var til staðar. Þetta gerðist eftir því sem leið á verkefnið og jafnréttisvitund starfsfólks jókst. Eins var hætt við verkefnavinnu á fundum og vinnslu jafnréttisáætlunar. Mikill vilji er þó fyrir því

„Snemma beygist krókurinn“

Úr stöðluðum kynjahlutverkum í kynjajafnrétti á Heilsuleikskólanum Króki
Verkefni styrkt af Sprotasjóði

að koma á öflugri jafnréttisáætlun fyrir skólann, til að bæði halda við og nýta þá þekkingu sem nú er til staðar.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Helst skorti fjármagn til þess að geta útfært alla verkþætti og náð öllum settum markmiðum. Lengri og meiri vinna hefði þurft til svo að samþætting jafnréttissjónarmiða yrðu fest í sessi. Ásamt því var einnig skortur á sérfræðiþekkingu jafnréttisteymisins til þess að geta útbúið öfluga jafnréttisáætlun, en aftur tengist það skorti á fjármagni til þess að geta greitt sérfræðingi fyrir aðkomu að því starfi. Að öðru leyti gekk verkefnið vel fyrir sig, mikill stuðningur var frá stjórnendum skólans og tók starfsfólk virkan þátt.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Helsti og mikilvægasti ávinningur af verkefninu var vitundarvakning og hugarfarsbreyting starfsfólks, eins og sjá má á niðurstöðum síðari könnunarinnar. Þekking þess á jafnréttismálum jókst til muna. Starfsfólk öðlaðist heilt yfir nýjan skilning á kynjakerfinu og áhrifum sem börn og fullorðnir verða fyrir vegna þess. Það fékk í mörgum tilfellum nýja eða breytta sýn á starfið, nýjan skilning á kynjuðum skilaboðum sem börn fá og hvernig má vinna með og gegn þeim, t.d. að koma auga á og breyta staðalmyndum. Í kjölfarið jókst umræða um jafnréttismál innan starfsmannahópsins, sem má m.a. sjá á því hvernig kynjaumræður áttu sér stað á umræðuvettvangi starfsmanna, án þess þó að það hafi verið beðið um slíkt. Starfsfólk sagðist einnig hafa orðið fyrir persónulegum áhrifum af verkefninu í síðari könnuninni en margar sögðu það hafa breytt hugmyndum þeirra fyrir utan starfið. Áhugi og orka starfsfólks við vinnslu lokaverkefna þeirra sýndi berlega jákvæð áhrif verkefnisins í heild.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn: hefur verkefnið eða mun það hafa áhrif á skólastarfið í heild?

Verkefnið hefur þegar haft áhrif. Breytingar hafa orðið á viðhorfum og sýn starfsfólks á starfinu, og í sumum tilfellum í þeirra einkalífi einnig. Allt starfsfólkið taldi fræðsluna nýtast sér í starfi og taldi hana hafa áhrif á starfsháttum þess í framtíðinni. Mun meiri meðvitund um jafnréttismál ríkir í leikskólanum í heild, þar sem allt starfsfólk, frá stjórnendum, til kennara, leiðbeinanda og eldhússtarfsfólks tók þátt. Það má því með vissu segja að verkefnið hafði áhrif og mun gera það áfram, en betur má ef duga skal. Rétt eins og með önnur störf og þekkingu, þarf aðhald og reglulega innspýtingu jafnréttisfræðslu til þess að halda starfsfólki á tánum.

„Snemma beygist krókurinn“

Úr stöðluðum kynjahlutverkum í kynjajafnrétti á Heilsuleikskólanum Króki
Verkefni styrkt af Sprotasjóði

Niðurstöður verkefnisins: yfirlit yfir það sem kom fram við framkvæmd verkefnisins, náðust markmiðin? Hvað er til marks um það? Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?

Heilt yfir hafa markmið verkefnisins náðst; vitundarvakning starfsfólks með tilliti til kynjajafnréttis hefur náðst. Sem dæmi varð verkefnastjóri var við aukna þekkingu starfsfólks við verkefnavinnu á næst síðasta fræðslufundi, en greinilegt var að starfsfólk skildi jafnréttishugmyndir og var sjálft farið að koma auga á misrétti og fordómafulla orðræðu. Umræða um jafnréttismál hefur aukist meðal starfsfólks, bæði á starfsstað og á lokuðu vefsvæði þeirra og hefur skólastjóri sérstaklega orðið var við það. Lokaverkefni starfsfólksins sýndu að það hefur náð tökum á grundvallarhugmyndum kynjajafnréttis og hugar nú að þeim í sínu starfi. Niðurstöður úr síðari könnuninni sem lögð var fyrir starfsfólk sýndu að það telur jafnrétti skipta máli og sömuleiðis að verkefnið muni hafa áhrif á sitt starf í framtíðinni.

Nýskipað jafnréttisteymi skólans hefur það hlutverk að sjá til þess að jafnréttismál haldist í forgangi og verði samþætt við alla vinnu. Eitt af markmiðum teymisins er að viðhalda því kraftmikla jafnréttisstarfi sem hefur verið komið á innan skólans. Mikill vilji er meðal stjórnenda skólans að halda jafnréttisstarfinu áfram, bæði til þess að útbúa öfluga og aðgerðamiðaða jafnréttisáætlun með jafnréttisteyminu, en einnig til að bæta enn frekar við jafnréttisþekkingu starfsfólks, ásamt því að kynna jafnréttisstarfið fyrir forráðamönnum barna í Heilsuleikskólanum Króki. Leikskólastjóri hefur þegar kynnt verkefnið fyrir skólamálayfirvöldum í Grindavík með það að markmiði að kynna þeim fyrir möguleikum á jafnréttisstarfi í öðrum skólum bæjarins og til að aðstoða við gerð nýrrar jafnréttisáætlunar Grindavíkurbæjar. Í framhaldinu af þessu verkefni munu verkefnastjóri og leikskólastjóri sækjast eftir frekari styrkjum til þess að útvíkka jafnréttisvitund með áherslu á fjölbreytileika með það að markmiði að gera Heilsuleikskólann Krók að sannkölluðum jafnréttisleikskóla.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Nú þegar hefur verkefnið verið kynnt á málþingi RannUng um jafnrétti. Skýrslan verður einnig kynnt á vefsíðu leikskólans og aðgengileg starfsfólki hans. Einnig verður verkefnið kynnt á málþingi sem haldið verður af Samtökum áhugafólks um skólaþróun í nóvember, síðar á þessu ári.

26.05.2014

Svandís Anna Sigurðardóttir
Verkefnastjóri

Hulda Jóhannsdóttir
Skólastjóri